



Til bæjarráðs

Kópavogi, 3. október 2024
24072294/001.02 ÁAK

Efni: Til bæjarráðs: Digranesvegur 81 – úrskurður ÚUA í málinu nr. 80/2024

Með úrskurði úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála (hér eftir ÚUA) þann 25. september sl. í málinu nr. 80/2024, var hafnað kröfu eiganda Digranesvegar 81 um ógildingu á ákvörðun byggingarfulltrúa frá 18. júlí 2024, um að auglýsingaskilti á lóðinni Digranesvegi 81 yrði fjarlægt innan 7 daga að viðlögðum 50 þúsund króna dagsektum

Málavextir

Á árinu 2022, sótti kærandi um byggingarleyfi fyrir LED skilti í stað prentaðs skiltis sem fyrir var. Um er að ræða 18 fermetra skilti sem staðsett er á gafli gamals skúrs á lóðinni sem snýr út að Dalvegi.

Með bréfi 1. febrúar 2024, upplýsti byggingarfulltrúi kæranda um að auglýsingaskilti á útvegg bílskúrs við Digranesveg 81 hefði ekki verið samþykkt af byggingaryfirvöldum og krafðist byggingarfulltrúi þess að skiltið yrði tekið niður og slökkt á því án tafar. Bréf þess efnis var ekki sent í ábyrgðarpósti og komst ekki til kæranda

Byggingarfulltrúi ítrekaði kröfur sínar í bréfi, dags. 22. febrúar 2024, þar sem fram kom að samkvæmt vettvangsskoðun hafi kærandi ekki orðið við kröfu byggingarfulltrúa um tafarlausa fjarlægingu auglýsingaskiltisins. Yrðu því lagðar á dagsektir að fjárhæð kr. 50.000 á kæranda.

Kærandi sótti að nýju um byggingarleyfi fyrir auglýsingaskiltinu í mars 2024 og tekið var fram að verið væri að endurnýja prentað skilti sem hefði verið á þessum stað í 20 ár og setja upp LED skilti þess í stað. Skiltið væri 10 m frá lóðamörkum og 40 m frá nálægustu umferðargötu.

Með bréfi byggingarfulltrúa í júlí 2024, var kæranda tilkynnt að veittur væri sjö daga lokafrestur frá móttöku bréfsins til að fjarlægja skiltið, ella yrðu lagðar á dagsektir að fjárhæð kr. 50.000 fyrir hvern dag sem drægist að vinna verkið. Eigandinn kærði ákvörðunina til ÚUA í lok júlí.



Bæjaryfirvöld sendu kæranda tölvupóst 30. s.m. þar sem honum var tilkynnt að vegna framkominnar kæru á ákvörðun byggingarfulltrúa væri embættið tilbúið að fresta ákvörðun um dagsektir þar til fyrirbyggjandi umsókn um byggingarleyfi væri afgreidd.

Umsókn kæranda um byggingarleyfi fyrir skiltinu var svo synjað þann 9. ágúst 2024.

Málsrök kæranda voru aðallega þau að honum hefði ekki verið veittur andmælaréttur og að honum hefðu ekki borist svör við erindum sínum. Hann hefði ekki fengið neinar upplýsingar um meðferð umsóknar sinnar þó 4 mánuðir væru liðnir frá því hann sendi hana inn.

Málsrök Kópavogsbæjar voru þau að í 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 komi fram að aðili máls skuli eiga þess kost að tjá sig um efni máls áður en stjórnvald taki ákvörðun, í ákvæðinu sé svo kveðið á um undanþágu frá þessu þegar fyrir liggi afstaða aðila í gögnum málsins og rök fyrir henni eða slíkt sé augljóslega óþarft. Um matskennda undanþágu sé að ræða en í umræddu máli hafi atvik verið með þeim hætti að andmæli hefðu engu breytt, enda ljóst að skiltið hafi verið án byggingarleyfis.

Bent sé á að byggingarfulltrúi hafi frestað réttaráhrifum ákvörðunar á meðan byggingarleyfisumsókn hafi verið til meðferðar til að gæta meðalhófs án þess þó að slíkt hafi verið skylt. Kærandi hafi átt í samskiptum við byggingarfulltrúa eftir að hafa sótt um leyfi fyrir LED-skiltinu, aðallega til að spyrjast fyrir um framgang umsóknarinnar auk fyrirsurnar um fjölda byggingarleyfa fyrir LED-skiltum í Kópavogi. Þeirri fyrirsurn hafi verið svarað með tölvupósti 30. júlí 2024.

Í niðurstöðu ÚUA kemur fram ákvörðun hafi verið tilkynnt kæranda og að kærandi hafi verið meðvitaður um afstöðu bæjaryfirvalda um að skiltið yrði fjarlægt. Kópavogsbær hafi gætt meðalhófs með því að fresta dagsektum þar til niðurstaða úr byggingarleyfisumsókn lægi fyrir. Úrsskurðarnefndin hafnaði því kröfu kæranda um ógildingu á ákvörðun byggingarfulltrúa og kvað jafnfram um að dagsektir sem kynnu að hafa verið lagðar á til og með uppkvaðningu úrskurðar yrðu felldar niður.

Virðingarfyllt,

Harri Ormarsson



Kópavogur

Skjal sótt af '000000000000' dags: 19.08 2026